

Föstudaginn 19. mars 1993.
Nr. 303/1991. **María Þorláksdóttir og**
Grétar Árnason

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

gegn

Íslandsbanka hf.

(Jón G. Briem hrl.)

og til réttargæslu

Þóri Jónssyni og

Sveini Egilssyni hf.

Stefnubirting. Þingsókn. Sameignarfélag. Aðildarhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júlí 1991. Gera þau þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur og meðferð í héraði á máli stefnda gegn þeim og sameignarfélaginu Þ. Jónssyni & Co. verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, að því er þau og félagið varðar. Þau krefjast og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefndu hefur þingsókn fallið niður fyrir Hæstarétti eftir þingfestingu málsins. Engar kröfur eru gerðar á hendur þeim.

Áfrýjendur hafa lagt ný gögn fyrir Hæstarétt.

Þau áfrýjendur og réttargæslustefndi, Þórir Jónsson, voru eigendur að sameignarfélaginu Þ. Jónssyni & Co., sem starfrækt var um árabíl (ranglega nefnt Þórir Jónsson & Co. í hinum áfrýjaða dómi). Var starfsstöð þess að Skeifunni 17 í Reykjavík hin síðari ár. Vegna atvinnu sinnar var félagið skráningarskylt, sbr. 8. gr., 2. mgr. 9. gr. og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, enda skrásett á firmaskrá í Reykjavík. Með tilkynningu 30. apríl 1990 óskuðu eigendurnir þess, að félagið yrði afmáð úr firmaskrá, sbr. 2. mgr. 21. gr. fyrrgreindra laga.

Sagði í tilkynningunni, að félagið hefði hætt rekstri í árslok 1987 og hlutafélagið Þ. Jónsson & Co. hf. tekið við starfsemi þess ásamt eignum þess og skuldbindingum frá 1. janúar 1988 að telja. Tilkynning þessi var afhent firmaskrárritara 7. maí 1990 og félagið afskráð samkvæmt henni. Birtist tilkynningin í Lögbirtingablaði 28. ágúst 1990.

Mál þetta er höfðað til greiðslu á skuld samkvæmt víxli, sem gefinn var út 2. apríl 1990 í nafni Þ. Jónssonar & Co., eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi. Er firma félagsins þar ritað af öðrum en áfrýjendum. Í stefnu málsins var dómkröfum beint gegn félaginu og öllum eigendum þess persónulega auk réttargæslustefnda Sveins Egilssonar hf. sem samþykkjanda víxilsins. Birting stefnunnar á hendur áfrýjendum, persónulega og fyrir hönd Þ. Jónssonar & Co., var falin stefnuvottum í Reykjavík, og fór hún fram 19. september 1990 fyrir Þóri Jónssyni að Faxafeni 10 í Reykjavík. Voru áfrýjendur í vottorði stefnuvotta bæði talin starfa í því húsi. Birting á hendur Þóri sjálfum hafði hins vegar farið fram 17. sama mánaðar á heimili hans í Mosfellsbæ gagnvart honum persónulega og fyrir hönd félaganna hvors um sig, og töldu stefnuvottar í Mosfellsbæ hann framkvæmdastjóra þeirra beggja. Áfrýjendur kveðast ekki hafa átt vinnustað að Faxafeni 10 og hafa lagt fram gögn því til sönnunar. Jafnframt kveðast þau ekki hafa fengið endurrit af stefnunni eða vitneskju um málsóknina.

Við þingfestingu málsins á bæjarþingi Reykjavíkur 18. október 1990 var sótt þing fyrir hönd Sigmundar Hannessonar hæstaréttarlögmans „af hálfu stefnda“, eins og það var skrásett í bæjarþingsbók, og honum veittur frestur til greinargerðar. Greinargerð sína lagði hann fram á bæjarþingi 4. desember 1990 fyrir „stefndu, Svein Egilsson hf. og Þ. Jónsson & Co.“, og krafðist sýknu. Var málinu síðan vikið til venjulegrar meðferðar. Eftir að greinargerð var komin fram af hálfu stefnandans Íslandsbanka hf., var málið tekið fyrir 22. mars 1991 hjá borgardómara þeim, er kvað upp hinn áfrýjaða dóm, að viðstöddum lögmanni stefnanda og fyrrgreindum lögmanni, er talinn var mættur „af hálfu stefndu“. Lögðu þessir talsmenn aðila málið í dóm án munnlegs flutnings. Leysti dómariinn úr málinu án þess að fjalla um formsatriði varðandi aðild eða þingsókn, enda engar kröfur um það gerðar.

Sameignarfélag Þóris Jónssonar og áfrýjenda hafði verið afskráð, eins og fyrr segir, þegar málið var höfðað, og hefur stefndi ekki reynt að afsanna, að starfsemi þess hafi þá verið slitið. Dómsmáli til viðurkenningar á kröfum vegna skuldbindinga í nafni félagsins varð því að beina gegn eigendunum sjálfum. Á þessu var ekki gripið í stefnu málsins, heldur var sameignarfélagsins þar getið eins og það væri enn við lýði.

Fyrirgreind birting stefnunnar á hendur áfrýjendum fullnægði ekki skilyrðum 95. og 96. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Birting á hendur sameigandanum Þóri Jónssyni fyrir hönd Þ. Jónssonar & Co. hafði og ekki gildi gagnvart þeim. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að áfrýjendur geti samt ekki krafist frávísunar á málinu fyrir sitt leyti, þar sem þeir hafi látið sækja þing, sbr. 97. gr. laga nr. 85/1936 og 1. mgr. 4. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Á þetta verður ekki fallist. Yfirlýsing fyrirgreinds lögmanns um flutning á málinu fyrir Þ. Jónsson & Co. varð að teljast marklaus eftir slit og afskráningu félagsins. Hefur stefndi ekki sýnt fram á, að lögmaðurinn hafi haft heimild til þingsóknar fyrir áfrýjendur.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina kröfu áfrýjenda um frávísun málsins frá héraðsdómi og ómerkingu meðferðar þess í héraði, að því er þau varðar. Lögmætir hagsmunir þeirra standa til þess, að hið sama verði gert, að því er varðar hið afskráða félag, Þ. Jónsson & Co., og verður sú krafa þeirra einnig tekin til greina.

Rétt er, að stefndi greiði áfrýjendum óskipt 110.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, og er þá ekki tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði eiga að vera ómerk, að því er varðar áfrýjendur, Maríu Þorláksdóttur og Grétar Árnason, svo og sameignarfélagið Þ. Jónsson & Co., og er kröfum stefnda, Íslandsbanka hf., á hendur þessum aðilum vísað frá héraðsdómi.

Stefndi greiði áfrýjendum óskipt 110.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.